



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla, 675. mál.

Með bréfi, dags. 10. maí 2016, sendir Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis Reykjavíkurborg til umsagnar frumvarp til laga um grunnskóla, 675. mál.

Eftirfarandi eru athugasemdir við einstaka greinar og almennar athugasemdir:

5. gr. (33. gr. a)

Minnt er á umsögn skóla- og frístundasviðs, dags. 14. nóvember 2014, þar sem lögð var áhersla á að í stað þess að frístundaheimili verði lögbundin í grunnskólalög verði unnið að lagaramma um heildstæða frístundaþjónustu sveitarfélaga fyrir börn, unglinga, ungt fólk og eldri borgara, sjá fskj. 1.

Í 33. gr.a er það ekki fyllilega skilgreint hvaða áhrif það hefur að lögbinda frístundaheimili í grunnskólalögum varðandi t.d. aðkomu skólaráða og foreldrafélaga grunnskóla að starfsemi þeirra eða rétt til aðstöðu í húsnæði grunnskóla.

Hvað varðar húsnæði fyrir frístundaheimili þá þarf að hafa í huga að skv. nógildandi lögum um grunnskóla skal skólastjóri sá um daglega umsjón skólamannvirkja skv. nánari ákvörðun sveitarstjórnar. Getur sveitarstjórn í samráði við skólastjóra ráðstafað skólahúsnæði öllu eða hluta þess til annarrar starfsemi svo fremi sem það raskar ekki lögbundinni notkun húsnæðisins, sbr. 21. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Í greinargerð um framangreint ákvæði er tekið fram að þegar um slík afnot húsnæðisins er að ræða sé mikilvægt að kennarar og annað starfsfólk skóla geti óáreitt gengið að húsnæði, búnaði og gögnum. Ekki sé ástæða til að setja í grunnskólalög ákvæði um ráðstöfun grunnskólahúsnæðis utan lögbundins starfstíma grunnskóla, en sjálfsagt sé að sveitarstjórnir taki slíkar ákvarðanir. Þegar skólahúsnæði er nýtt til annarrar starfsemi utan lögbundins skyldunáms megi það í engu raska skólalaldi og kennarar eiga að geta gengið að vinnuaðstöðu sinni eins og þeir skildu við hana.

Hjá Reykjavíkurborg lúta flest frístundaheimili ekki stjórn skólastjóra en í langflestum tilfellum næst að samnýta húsnæði grunnskólans. Það er mat Reykjavíkurborgar að breyta skuli 21. gr. grunnskólalaga með þeim hætti að skýrt komi fram að sveitarstjórn hafi heimild til að ákveða hver fari með umsjón skólamannvirkja. Engu að síður yrði að tryggja kennurum vinnuaðstöðu ef nýta þarf kennslustofur þeirra í annað starf eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur.

Sveitarstjórnir ákveða forgang og fjárheimildir þegar kemur að byggingu, rekstri og viðhaldi

skólamannvirkja. Þá skiptir miklu máli að sveitarstjórn geti ráðstafað húsnæði eins og hún telur mikilvægast, til dæmis til frístundaheimila, félagsmiðstöðva og annars tómstundastarfs. Áherslan þarf að vera á hvernig skólalúsnæði er sem best nýtt í þágu barna, unglunga og íbúa hverfisins allan daginn og fram á kvöld. Önnur ákvæði grunnskólalaga sem og aðalnámskrá fjalla um það starf sem fram skal fara í skólastarfi og því óþarfi að fjölyrða um það þegar kemur að skilgreiningu þess hver ber ábyrgð á húsnæðinu.

Jafnframt þyrfti að gera ráð fyrir að settar yrðu reglur um gerð og búnað húsnæðis frístunda-heimila með sama hætti og gilda í dag um gerð og búnað grunnskólalúsnæðis og skólalóða. Ekki er ljóst af ákvæðinu hvort gert sé ráð fyrir að framangreindar reglur eigi við um starfrækslu frístundaheimila eða ekki. Til þessa mætti taka tillit í 20. gr. grunnskólalaga.

Tekið er fram að Reykjavíkurborg er sátt við að í lög sé búið að festa hugtakið frístunda-heimili en frístundastarf er mun viðtækara hugtak. Jafnframt er lýst yfir ánægju með að fyrirhugað sé að gera viðmið um gæði starfs frístundaheimila.

Auk framangreinds er á það bent að með því að lögfesta að öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skuli gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila er jafnframt verið að skylda sjálfstætt rekna grunnskóla til að veita slíka þjónustu. Í ákvæðum frumvarpsins þar sem fjallað er um sjálfstætt rekna grunnskólar er ekki tekin afstaða til þess með hvaða hætti fjalla eigi um frístundaheimili í þjónustusamningum sveitarfélaga við sjálfstætt rekna grunnskóla. Gera verður ráð fyrir að sveitarfélögum sé ekki skylt að greiða sjálfstætt reknum grunnskólum framlag vegna frístundaheimila þeirra þar sem ekki er kveðið á um slíkt í frumvarpinu.

6. gr.

b. (43. gr. a)

Í 2. mgr. 43. gr. a er gert ráð fyrir að ráðuneytið staðfesti þjónustusamninga sveitarfélaga við sjálfstætt rekna grunnskóla. Taka þarf fram með hvaða hætti á að fara með þegar gerða samninga sveitarfélaga við sjálfstætt rekna grunnskóla. Á það er bent sem dæmi að í viðurkenningum sjálfstætt rekinna grunnskóla og þjónustusamningum við þá kemur ekki fram leyfilegur hámarksfjöldi nemenda líkt og miðað er við í frumvarpinu en í þjónustusamningum Reykjavíkurborgar við sjálfstætt rekna grunnskóla kemur fram hámarksfjöldi reykvískra nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna.

Að lokum er vakin athygli á 43. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 eða reglugerð um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og skólalúsnæði skv. erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan nr. 699/2012. Þar er ekki kveðið beint á um réttarstöðuna milli sveitarfélags og sjálfstætt rekinna grunnskóla og sveitarfélags sem skólinn er í þegar sótt er um innritun í sjálfstætt rekinn grunnskóla fyrir barn sem á lögheimili í öðru sveitarfélagi. Ekki er gert ráð fyrir að samningur sé gerður milli viðkomandi sveitarfélags og sjálfstætt rekinna grunnskóla og á sveitarfélagið því ekki aðkomu að málum sem varða innritun, gjaldtöku eða skólagöngu barnsins, m.a. vegna þeirrar sérfræðiþjónustu sem hlutaðeigandi barn kann að þurfa. Þetta hefur jafnframt þau áhrif að sveitarfélag getur ekki í þjónustusamningi takmarkað þann fjölda nemenda sem sækja sjálfstætt rekinn grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags líkt og heimilt er að gera í þjónustusamningi gagnvart sjálfstætt reknum grunnskólum í viðkomandi sveitarfélagi.

Eru það eindregin tilmæli að réttarstaðan verði skýrð hvað varðar framangreint álitaefni.

c (43. gr. b).

Gert er ráð fyrir í 1. mgr. 43. gr. b að sjálfstætt rekinn grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning skv. 43. gr. a eigi rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda skv. útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Reykjavíkurborg fer fram á að í tengslum við breytingu á grunnskólalögum verði gerð sú breyting að kostnaður sveitarfélaga vegna sérskóla og sérdeilda falli utan þeirrar fjárhæðar sem miðað er við í útreikningi Hagstofu um vegið meðaltal heildarrekstarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélaginu enda fá sjálfstætt reknir grunnskólar greiddan sérstaklega kostnað vegna stuðnings við nemendur með sérþarfir auk þess sem skólarnir eiga rétt á sömu sérfræðiþjónustu og almennir grunnskólar.

Jafnframt er það mat Reykjavíkurborgar að rétt sé að kannað verði hvort miða skuli við að sveitarfélög geri þjónustusamninga við sjálfstætt rekna grunnskóla fyrir hvert skólaár í senn um ákveðinn fjölda nemenda og að launaliður samninga taki breytingum skv. kjarasamningum með sama hætti og grunnskólar sveitarfélaga. Með því móti er tryggt að framlag miðast við raunstöðu en jafnframt litið til hagsmuna sveitarfélagsins hvað varðar stjórnun fjármuna þess.

f. (43. gr.e)

Fram kemur að í þjónustusamningi skuli kveða á um viðeigandi fjárveitingar til að tryggja gjaldfrjálsa skólavist og skólaþjónustu en ekki að því vikið hvaða áhrif slíkt kann að hafa vegna skólagöngu nemenda úr öðrum sveitarfélögum.

Ekki er kveðið á um fjárhæð framlags sveitarfélaga vegna skólagöngu nemenda utan lögheimilis í sjálfstætt reknum grunnskóla þar sem viðkomandi grunnskóli er ekki valfrjáls.

7. gr.

45. gr.

Í 4. mgr. 45. gr. kemur fram að sveitarfélögum er heimilt að reka saman grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra að fenginni umsögn skólanefnda. Reynsla Reykjavíkurborgar er sú að sjálfstætt reknir leik- og grunnskólar eru jafnframt í samrekstri t.d. leik- og grunnskóla og væri til bóta að taka sérstaklega fram hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að af slíku geti orðið.

Athugasemdir varðandi mat á áhrifum á fjárhag Reykjavíkurborgar.

Frístundaheimili:

Hvað varðar mat á áhrifum á fjárhag Reykjavíkurborgar þá er ekki hægt að meta áhrif

kostnaðar að fullu þar sem ekki liggja fyrir viðmið sem rætt er um að setja um gæði frístundastarfsins. Það er mat Reykjavíkurborgar að skynsamlegra hefði verið ef slíkar leiðbeiningar hefðu legið fyrir samhliða frumvarpinu. Með því móti hefði verið hægt að kostnaðarmeta einstaka þætti tengda starfsemi frístundaheimilanna. Í frumvarpstextanum með ákvæði 33. gr. a. kemur fram að vonir standi til að frístundaheimilin verði hluti af grunnþjónustunni og taki í auknum mæli mið af þörfum barna með sérþarfir og að nemendur af erlendum uppruna fái viðeigandi stuðning í samræmi við áherslur almennt í frítímaþjónustu. Framangreint mun án ef hafa í för með sér aukinn kostnað.

Ekki er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna framlaga til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila þar sem ekki er kveðið á um að sveitarfélögum sé skylt að greiða aukið framlag vegna þeirrar breytingar.

Sjálfstætt reknir grunnskólar:

Skv. núgildandi lögum um grunnskóla skal framlag sveitarfélaga til sjálfstætt rekinna grunnskóla nema að lágmarki 75 % af vegnu maðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda skv. árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Byggist útreikningur Hagstofunnar á verðlagsbreytingum sem orðið hafa fram að gerð útreikningsins en tekur ekki til þeirra verðlagsbreytinga sem verða á því skólaári sem greitt er fyrir.

Löggjafinn hyggst nú bæta úr með tillögum í frumvarpi þar sem í fyrsta lagi er mælt fyrir um að þann fimmta dag hvers mánaðar skal útreikningur Hagstofunnar á kostnaði af rekstri skóla liggja fyrir. Í öðru lagi mælir ákvæðið fyrir um að Hagstofan birti mánaðarlega uppreikning á fjárhæðinni, miðað við mánuðinn þar á undan. Í því felst að birta skal sömu fjárhæð og áður, að viðbættum breytingum á verðlagi. Eins og kemur fram hér að framan þá er enn gert ráð fyrir að kostnaður sveitarfélaga vegna sérskóla og sérdeilda sé meðtalinn í útreikningi á heildarrekstrarkostnaði grunnskóla í landinu, sem er grundvöllur fjárframlaga til sjálfstætt rekinna skóla. Reikningreglan tekur hins vegar ekki mið af því að kostnaður vegna stuðnings við nemendur með sérþarfir er greiddur sérstaklega auk þess sem skólarnir eiga rétt á sömu sérfræðiþjónustu og almennir grunnskólar. Vísað er til þess sem fram kemur hér að framan varðandi kröfu um breytingu á framangreindu.

Framangreindar breytingartillögur frumvarpsins leggja auknar skyldur á herðar Reykjavíkurborgar og þá sérstaklega við gerð fjárhagsáætlana samkvæmt fyrirmælum sveitarstjórnarlaga. Þar verður þó að hafa hugfast að við gerð fjárhagsáætlana ber sveitarfélagi almennt að leggja mat á líklegar verðlagsbreytingar og taka tillit til þeirra, fyrir þau sveitarfélög þar sem eru starfandi sjálfstætt reknir grunnskólar. Í 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga segir að fjárhagsáætlun sé bindandi ákvörðun um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélags á því ári sem hún tekur til. Í því felst að úr sveitarsjóði verða almennt ekki greiddir neindir fjármunir sem ekki er heimild í fjárhagsáætlun til að láta af hendi. Hið bindandi gildi áætlunarinnar er síðan nánar útfært í 63. gr. sveitarstjórnarlaga, og þar er m.a. áréttað í 1. mgr. að fjárhagsáætlanir næstkomandi árs sé „bindandi regla“ um allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélags.

Í skýringum við ákvæði 63. gr. sveitarstjórnarlaga segir að þrátt fyrir að ákvæðið útiloki ekki sveigjanleika í stjórnun sveitarfélaga, sé engu að síður mikilvægt að þessu ákvæði sé fylgt eftir af festu. Sveitarstjórn mun eftir sem áður geta tekið ákvörðun á miðju ári um nýjar fjárveitingar, hins vegar felst í ákvæðinu að um slíkar ákvarðanir eru gerðar mjög strangar kröfur. Í ákvæðum 2. og 3. mgr. 63. gr. laganna felst sú meginregla að frá fjárhagsáætlun

verður ekki vikið nema áður hafi verið samþykktur viðauki við áætlunina.

Ákvæði 3. mgr. felur í sér þrönga undantekningu frá ákvæði 2. mgr. og leyfir í vissum tilvikum ráðstafanir sem ekki þola bið enda sé þá strax brugðist við og tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun lögð fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnar. Hér undir geta til dæmis fallið útgjöld sem sveitarfélagi ber að standa skil á vegna bótaskyldu eða niðurstöðu í dómsmáli. Þannig falla hér aðeins undir ráðstafanir sem sveitarfélagi er skylt að lögum að ráðast í.

Gert er ráð fyrir að ef að umræddri breytingu verður muni eins skiptis kostnaður Reykjavíkurborgar á upphafsári gróflega áætlaður vera um 30.000.000 sem gerð er krafa um að Ríkissjóður bæti Reykjavíkurborg.

Virðingarfyllst



Valgerður Janusdóttir

staðgengill sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Bréf dags. 14. nóvember 2016, til mennta- og menningarmálaráðuneytis

Bréf, dags. 8. mars 2016, til mennta- og menningarmálaráðuneytis.



Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Sölvhólsgrötu 4
150 Reykjavík

Efni: Tillaga að breytingu á 33. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008

Skóla- og frístundasvið hefur haft til skoðunar tillögu starfshóps um málefni frístundaheimila í grunnskólum að lagabreytingum á grunnskólalögum nr. 91/2008.

Á fundi stjórnenda frístundamiðstöðva þann 28. október var málið til umfjöllunar og er umsögn skóla- og frístundasviðs m.a. byggð á niðurstöðum þeirrar umfjöllunar. Jafnframt hafa frístundamiðstöðvarnar Kampur, Kringlumýri, Miðberg og Frostaskjól sent ráðuneytinu umsagnir vegna tillögunnar.

- i. Það er mat skóla- og frístundasviðs að mikilvægt sé að unnið verði að lagamma um heildstæða frístundaþjónustu sveitarfélaga fyrir börn, unglinga, ungt fólk og eldri borgara. Til eru sérlög um leikskóla sem hafa stutt við þróun leikskólastarfsins á forsendum leikskólans og einnig eru til sérlög um tónlistarskóla, svo ekki sé minnst á sérlög um grunnskóla. Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er kveðið á um að sveitarfélög annist uppbyggingu og rekstur leikskóla og tekur sveitarfélag ákvörðun um stjórn þeirra. Leikskólar eru reknir skv. sérstökum lögum. Í sömu lögum er kveðið á um að heimilt sé að fela félagsmálanefndum umsjón með æskulýðs- og íþróttamálum í umboði sveitarstjórna, þar á meðal rekstur félagsmiðstöðva, tómstundastarf í skólum og rekstur mannvirkja og aðstöðu fyrir íþróttastarfsemi. Það er mat skóla- og frístundasviðs að tímabært sé að breyta lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga með þeim hætti að gert sé ráð fyrir sérstökum lögum vegna frístundastarfs sveitarfélaga.

Tómstunda- og félagsmálafræði er námsbraut í HÍ og þaðan eru að útskrifast tómstunda- og félagsmálafræðingar sem er sérstök fagstétt. Mikilvægt er að þeim verði gefið sviðgrúm til að öðlast sess sem fagstétt og fræðigreinin. Með því að hafa sérlöggjöf fyrir frístundastarf er verið að styrkja frístundastarf á Íslandi sem sjálfstæða fagstétt, bæta uppeldisskilyrði á vettvangi frítímans og vonandi auka lífsgæði þeirra sem njóta frístundaþjónustu sveitarfélaga. Saga frístundastarfsins er að mörgu leyti keimlík þróun leiksskóla.

Hugmyndafræði og stefna er önnur í frístundastarfi en í grunnskólastarfi. Annars vegar er markmiðið hefðbundið nám og hins vegar lýðræðislegt frístundastarf þar sem lagt er upp með val, frjálsan leik og fjölbreytileika í efnisvali og umhverfi. Undir grunnskólalögum er hætt á að frístundastarfið verði undirgrein í grunnskólanum, sérkenni frístundastarfsins tapist og að fagstarf og félagsfærnimarkmið frístundastarfsins víki fyrir menntunarhefð grunnskólans (sjá umsögn frá Kampi).

Síðustu ár hefur þróun frístundastarfs á vegum sveitarfélaga verið gífurleg, sérstaklega hjá Reykjavíkurborg. Frístundaheimili hafa þróað hugmyndafræðina sem starfsemin byggir á í samhljómi við áratugaþróun hugmyndafræði félagsmiðstöðvastarfs, hugmyndin um lengda viðveru er því skref til fortíðar og starfinu ekki til framdráttar né til hagsbóta

fyrir þau börn sem starfið sækja. Það þarf að útfæra og skýra fagleg viðmið varðandi frístundastarf sveitarfélaga. Í lagatextanum er óskýr skilgreining hlutverka og ábyrgðar.

Á bls. 13 í skýrslu starfshópsins kemur fram að Ragnar Þorsteinsson, Soffía Pálsdóttir og Jón Torfi Jónasson hafi sagt að ekki væri rétt að ráðast í sérstaka lagasetningu, frekarbreyta núverandi 33. grein laga um grunnskóla. Ekki er rétt haft eftir fulltrúum skóla- og frístundasviðs.

- ii. Ef ekki er fallist á að rétt sé að hefja gerð sérstakra laga um frístundastarf sveitarfélaga gerir skóla- og frístundasvið eftirfarandi athugasemdir við drög að breytingum á 33. grein grunnskólalaga.
- a. Hvað er átt við með félagsstarf í skóla? Í breytingatillögunni kemur ekki skýrt fram til hvaða þjónustu ákvæðið nær. Þar segir: *Með frístunda- og félagsstarfi í lögum þessum er annars vegar átt við starfsemi frístundaheimila fyrir nemendur í yngri árgöngum grunnskóla og hins vegar félagsstarf fyrir alla árganga grunnskólans.* Fellur starfsemi félagsmiðstöðva þar undir?
 - b. Hvað þýðir: *Í frístunda- og félagsstarfi gilda almenn ákvæði grunnskólalaga og reglugerða* fyrir frístundaheimilin og félagsstarfið. Tilkæmt eru nokkur dæmi, en listinn þyrfti að vera tæmandi því ella er óljóst hvaða ákvæði í grunnskólalögum eiga við um frístundaheimili og félagsstarf.
 - c. Orðanotkun í 2. grein tillögunnar og greinargerð með henni er ekki samhljóma og víðar í textanum er ekki samræmi í hugtakanotkun. Öll orðanotkun og hugtök eru grunnskólamiðuð og henta ekki fyrir þann ramma sem setja þarf starfsemi frístundastarfs sveitarfélaga. Í grunnskólalögum er til að mynda fjallað um grunnskólann sem vinnustað nemenda, meðan við tölum um frístundastarfið sem frístundavettvang barna og unglunga.
 - d. Verði tillagan samþykkt telur skóla- og frístundasvið mikilvægt að tekin verði afstaða til skipunar skólaráða og nemendaverndarráða og þá hvort rétt sé að fulltrúar frístundastarfs við viðkomandi grunnskóla eigi þar sæti.

Virðingarfyllt

Valgerður Janusdóttir
mannauðsstjóri, staðgengill sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
b.t. Elísabetar Pétursdóttur
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um breytingu á lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Lagt fram á 145. löggjafarþingi 2015-2016.

Vakin hefur verið athygli skóla- og frístundasviðs á að nú eru til kynningar drög að frumvarpi til breytinga á grunnskólalögum á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis en þau fjalla um sjálfstætt starfandi skóla og eru afrakstur vinnu nefndar sem falin var endurskoðun löggjafar um sjálfstætt starfandi skóla.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar vill koma á framfæri eftirfarandi umsögn með fyrirvara um farið er fram á að mennta- og menningarmálaráðuneytið óski formlegrar umsagnar Reykjavíkurborgar á frumvarpinu þar sem málefnið varðar Reykjavíkurborg miklu og því rétt að borgarráð fái tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum Reykjavíkurborgar.

3. gr. frumvarpsins

Í 2. mgr. 43. gr. a er gert ráð fyrir að ráðuneytið staðfesti þjónustusamninga sveitarfélaga við sjálfstætt rekna grunnskóla. Taka þarf fram með hvaða hætti á að fara með þegar gerða samninga sveitarfélaga við sjálfstætt rekna grunnskóla, hvort sem það er í lögnum eða reglugerð.

Varðandi 4. mgr. 7. tl. 43. gr. a þá gæti verið rétt að heimila sveitarfélagi að kveða á um í þjónustusamningi að ekki verði innheimt skólagjöld með hliðsjón af fjárframlögum þess til skólans.

Taka þyrfti jafnframt tillit til framangreinds í 6. tl. 43. gr. d

Varðandi 43. gr. b þá liggur ekki fyrir lögbundið kostnaðarmat skv. 129. gr. sveitarstjórnar-laga nr. 138/2011 um fjárhagsleg áhrif á Reykjavíkurborg. Gert er ráð fyrir að slíkt mat liggji fyrir áður en til samþykktar kemur á breytingu og að Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga fái tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum varðandi það á framfæri.

4. gr. frumvarpsins


4. mgr. 45. gr. tiltekur að sveitarfélögum sé heimilt að reka saman grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla undir stjórn eins skólastjóra að fenginni umsögn skólanefnda. Reynslan hefur sýnt að sjálfstætt reknir grunnskólar eru jafnframt í samrekstri t.d. leik- og grunnskóla og væri til bóta að taka sérstaklega fram hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að af slíku geti orðið eða

skýra í greinargerð að sama eigi við þegar um er að ræða sjálfstætt rekna skóla.

Að lokum er vakin athygli á að í 43. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 eða reglugerð um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og skólalald skv. erlendri eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan nr. 699/2012 er ekki kveðið beint á um réttarstöðuna vegna nemenda sem sækja sjálfstætt rekna grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags, hvorki milli sveitarfélaganna tveggja eða við hinn sjálfstætt rekna grunnskóla. Ekki er gert ráð fyrir að samningur sé gerður milli viðkomandi sveitarfélags og sjálfstætt rekens grunnskóla og á sveitarfélagið því ekki aðkomu að málum sem varða innritun, gjaldtöku eða skólagöngu barnsins, m.a. vegna þeirrar sérfræðipjónustu sem hlutaðeigandi barn kann að þurfa. Þetta hefur jafnframt þau áhrif að sveitarfélag getur ekki í þjónustusamningi takmarkað þann fjölda nemenda sem sækja sjálfstætt rekinn grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags líkt og heimilt er að gera í þjónustusamningi gagnvart sjálfstætt reknum grunnskóla í viðkomandi sveitarfélagi.

Eru það eindregin tilmæli að réttarstaðan verði skýrð hvað varðar framangreint álitæfni.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs